

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Rauðasandshreppi, V.-Barðastrandarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Rauðasandshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5 gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1969.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

18. febrúar 1969.

Nr. 59.

**SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.****1. gr.**

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða milli leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er hönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

**2. gr.**

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. febrúar 1969.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*